

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2014

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.), þingskjal 243-214. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.). Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um gjaldtökuheimild vegna rafrænna námsgagna. Í almennum athugasemdum segir að með breytingunni sé leitast við að tryggja útgefendum rafræns námsefnis greiðslur frá notendum þess. Í frumvarpinu segir að vandséð sé hvort slíkur kostnaður fái greiddur með öðrum hætti en þeim að skólum verði veitt heimild til að krefja nemendur um greiðslur fyrir aðgang að rafrænu efni sem þeim er gert að nýta í námi.

Það er grundvallaratriði í stefnu BSRB í menntamálum að allir landsmenn eigi jafnan rétt til náms óháð efnahag. Jöfn tækifæri til menntunar eru hornsteinn hvers samfélags þar sem jöfnuður fólks er hafður að leiðarljósi. BSRB telur framangreinda gjaldtökuheimild framhaldsskóla ekki til samræmis við grundvallarhugmyndina um jafnan rétt allra til náms óháð efnahag.

BSRB telur rétt að benda sérstaklega á athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins. Þar er vakin athygli á 51. gr. laga nr. 92/2008 um að tilgreina skuli í fjárlögum ár hvert þá fjárhæð sem veitt skuli til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Fram kemur að enn hafi engu fé verið úthlutað af fjárlögum í þessu skyni og hafi sá skilningur verið ríkjandi að nemendur greiði sjálfir fyrir námsefni sitt og sé varlegt að áætla að nemandi í fullu námi greiði 60-90 þús. kr. á skólaári fyrir námsefni.

BSRB telur brýnt að Alþingi framfylgi þeirri lagaskyldu sem kveðið er á um í 51. gr. laganna til að draga verulega úr kostnaði vegna náms í framhaldsskólum en sá kostnaður fyrir heimilin getur numið um 1,3-1,9 milljörðum á ári skv. upplýsingum í frumvarpinu. Þær fjárveitingar sem veittar verði á grundvelli 51. gr. verði m.a. nýttar til greiðslu kostnaðar vegna rafræns námsefnis. Þannig mætti ennfremur ná fram því markmiði að tryggja útgefendum rafræns námsefnis greiðslur fyrir það.

Fyrir hönd BSRB



Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri

21. október 2014

Ágæta nefndarsvið

Ég geri ekki athugasemdir hér við aðrar en þær að það er mjög brýnt að rétta stöðu náms- og starfsráðgjafa hið fyrsta. Hér er um hreint brot á stjórnsýslulögum (jafnræðisreglan) að ræða og brýnt að það sé leiðrétt hið fyrsta.

Magnús Þorkelsson

Skólameistari

28. október 2014

Með tölvupósti frá 17. október s.l. er óskað eftir umsögn frá Iðnmennt ses, sem m.a. er rekstraraðili IÐNÚ útgáfu, um ofangreint frumvarp.

Umsögn okkar snýst eingöngu 4. gr frumvarpsins sem fjallar um breytingar á 45. grein laganna og er eftirfarandi:

- „a. Í stað orðanna „og efnisgjalds“ í 1. máls. 1. mgr. og sömu orða í 2. mgr. kemur: efnisgjalds og gjalds fyrir rafrænt námsefni; og: efnisgjalds og gjaldtöku fyrir rafrænt námsefni.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Heimilt er í tilraunaskyni með sérstöku leyfi ráðherra að innheimta gjald fyrir rafrænt námsefni sem framhaldsskólar ákveða og er veigamikill hluti af námsefni í námsáfangi á skráðri námsbraut viðkomandi nemenda eða í áfangi sem þeir hafa ákveðið að stunda sem valgrein.“

Iðnmennt fagnar þessari breytingu og gerir ekki efnislegar athugasemdir við orðalag breytinganna.

Kv.

-----  
Heiðar Ingi Svansson  
Framkvæmdastjóri / Managing Director



KENNASAMBAND ÍSLANDS  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
ki@ki.is • www.ki.is

**Reykjavík 3. nóvember 2014**

**Athugasemdir Kennarasambands Íslands við Þingskjal 243 – 214. mál.**

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008**

Kennarasamband Íslands gerir athugasemd við 4 gr. frumvarpsins sem fjallar um heimild til gjaldtöku vegna rafræns námsefnis. Í því sambandi er minnt á 51 gr. gildandi laga nr. 92/2008 þar sem segir um námsgögn:

*Í fjárlögum ár hvert skal tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði nemenda vegna námsgagna. Ráðherra setur reglur um skiptingu fjárens og fyrirkomulag þessa stuðnings.*

Frá gildistöku laganna hefur þetta ákvæði aldrei komið til framkvæmda, en ljóst að tilgangur ákvæðisins er að draga úr kostnaði vegna skólagöngu ungmenna í framhaldsskóla og vilji löggjafans að stefna í átt að gjaldfrjálsum framhaldsskóla. Kennarasamband Íslands hefur um árabíl talað fyrir gjaldfrjálsum framhaldsskóla og þar með að námsgögn séu nemendum að kostnaðarlausu. Því gerir félagið athugasemdir við umrætt ákvæði laganna sem mun leggja auknar álögur á nemendur í framhaldsskólum þvert á það sem að var stefnt þegar lög um framhaldsskóla voru sett árið 2008.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Kennarasambands Íslands,

Guðríður Arnardóttir

Formaður Félags framhaldsskólakennara

Ólafur H. Sigurjónsson

Formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum

28.10.2014

Allsherjar- og samgöngunefnd.

Umsögn vegna frumvarps til laga um framhaldsskóla, 214. mál.

Undirrituð er eindregið fylgjandi lagasetningu um rafrænt námsefni og finnst frumvarpið ná þeim markmiðum sem nú má telja líklegt að náí utan um það sem nauðsynlegt er.

Í texta frumvarpsins segir:

"Í gildandi lögum er kveðið á um í h-lið 1. mgr. 12. gr. að skilyrði fyrir viðurkenningu sjálfstætt starfandi framhaldsskóla lúti m.a. að því að lagt skuli mat á starfsaðstöðu og aðbúnað kennara og nemenda og þjónustu við þá. Í reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, er nánar mælt fyrir um málsmeðferð vegna viðurkenningar ráðherra. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur fram að í viðurkenningu ráðherra á starfsemi einkaskóla felist m.a. viðurkenning á starfsaðstöðu og aðbúnaði skóla. Í c-lið 3. gr. reglugerðarinnar segir að í umsókn um viðurkenningu skuli koma fram lýsing á starfsaðstöðu, þ.e. húsnæði skóla og aðbúnaði, ásamt vottorðum frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála. Í j-lið 5. gr. reglugerðarinnar segir að meðal skilyrða viðurkenningar sé að starfsaðstaða skólans sé fullnægjandi að mati ráðuneytisins."

Hér vantar að gera ráð fyrir að sjálfstætt starfandi skóli stundi einungis fjarnám- og kennslu. Miðað við núverandi kennslu á framhaldsskólastigi og hvað varðar háskólabrýr má gera ráð fyrir þeim möguleika að nemendur komi aldrei í húsnæði skóla og jafnvel ekki kennarar heldur. Því er eðlilegt að gera kröfu um rafrænan aðbúnað og þjónustu bæði gagnvart nemendum og kennurum. Slíkt hefur algerlega vantað og rafrænn aðbúnaður við nám og kennslu mjög misjafn. Rétt er að hafa lágmarkskröfur á því sviði.

Kær kveðja

Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga

Alþingi 4.11.2014

Málsnr.: 1410085

Málalykill: 0.34.2



# Fjarmentaskólinn

fjarmentaskolinn.is

214.mál

Fjarmentaskólinn er nafn á samstarfi 12 framhaldsskóla<sup>1</sup> í dreifbýli en ekki stofnun eða félag með fjárhag.

Markmið er að kanna möguleika á að efla

- starfsnám í dreifbýli með samstarfi
- rekstrarhagkvæmni með samnýtingu kennara
- sérþekkingu skólanna með miðlun sérhæfðrar þekkingar milli skóla
- minnka áhrif á sveiflum í nemendafjölda í fámennum skólum
- tryggja námsframboð

Samstarfið hefur tvo styrki úr Sprotasjóði til ráðstöfunar, annan í að efla starfsnám og hinn í að „deila kennara“.

Framhaldsskólar í dreifbýli

- auka sérfræðistörf á landsbyggðinni
- sérfræðingar skólanna taka þátt í og styðja við atvinnulíf byggðarlaganna
- efla menntunarstig sem er yfirleitt töluvert lægra en í þéttbýli
- auðvelda fyrirtækjum að ráða sérfræðinga til starfa sem eiga þá kost á að senda nemendur í framhaldsskóla í heimabyggð

Sameining lítils skóla í dreifbýli við stóran skóla í þéttbýli er ekki eftirsóknarverð enda hefur stór skóli ekki þekkingu á menningarumhverfi í dreifbýli og hvernig skólarnir eru samofnir nærsamfélagi. Reynslan er fyrir hendi af að stór skóli loki námi í dreifðri byggð. Samstarf skóla í dreifbýli er farsælla fyrir byggðarlögin.

Skorið er niður um 370 nemendaígildi frá fjárlagafrumvarpi 2013 í fjárlagafrumvarpi 2015. Óvissa í rekstri þar sem fjárhag skólanna var breytt í júní s.l. á öðrum forsendum en gert er í frumvarpi.

Lára Stefánsdóttir

Forseti stjórnar Fjarmentaskólans

<sup>1</sup> Fjölbautaskóli Norðurlands Vestra, Fjölbautaskóli Vesturlands, Fjölbautaskóli Snæfellinga, Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, Menntaskólinn að Laugarvatni, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Menntaskólinn í Borgarnesi, Verkmenntaskóli Austurlands.

3. nóvember 2014



## Rafrænt starfsumhverfi

Vegna umsagnar undirritaðrar um þingskjal 243 – 214. mál.

Grundvallaraatriði í stafrænu skólaumhverfi:

- tækjabúnaður
- hugbúnaður
- Internetsamband
- hæfni til fjarvinnu og fjarkennslu

Menntaskólinn á Tröllaskaga  
Ægisgötu 13  
625 Ólafsfirði

Sími: 460 4240

[www.mtr.is](http://www.mtr.is)  
[mtr@mtr.is](mailto:mtr@mtr.is)

Tækjabúnaður í skólaumhverfi hefur oft verið lélegur og staðið í vegi fyrir menntun miðað við vinnubrögð nútímans. Hluti af starfsaðstöðu kennara þarf að vera tækjabúnaður sem gerir honum kleift að vinna vinnu sína og lýtur lögum og reglum.

Hugbúnaður þarf að vera vel skilgreindur og aðgengilegur, best er ef hann getur verið á íslenskri tungu sem þó er ekki alltaf mögulegt. Það eykur áreiti og vinnutíma að hafa lélegan hugbúnað sem og hugbúnað sem ekki er í samræmi við viðfangsefni.

Netsamband þarf að vera öflugt þannig að ekki skapist óþarfur biðtími.

Líkt og einstaklingar þurfa að búa yfir hæfni til staðvinnu eins og sjálfsagt þykir þurfa menn í dag hæfni í fjarvinnu sérstaklega þar sem einstaklingar eða vinnustaðir eru dreifðir. Ráðuneyti búa við rafræna einangrun vegna skilgreindra öryggisþátta tölvudeilda og hafa ekki verið í stakk búin til rafrænnar samvinnu með öflugum verkfærum. Þekking og reynsla af slíkum störfum er því oft takmörkuð hjá þeim sem vinna þarf með. Samstarf í skýi er til dæmis ómöguleg með ráðuneyti en gengur vel milli skóla svo sem í Fjarmentaskólanum (sjá meðfylgjandi blað).

Sé ofangreindum þáttum ábótavant má gera ráð fyrir andlegu áreiti og félagslegum vanda þar sem skortur á verkfærum getur stuðlað að einangrun starfsmanna í starfi og framgangur sé fremur hjá þeim sem eru í nærumhverfi en fjarumhverfi.

Rétt er því að lagafrumvarp sem tekur til starfsumhverfis í skólum geri bæði ráð fyrir rafrænu starfsumhverfi í blönduðu stað- og fjarumhverfi sem og ef skóli ætlar að starfa á einkamarkaði að yfirvöld geri kröfu um gæði rafræns starfsumhverfis.

Lára Stefánsdóttir  
skólameistari Menntaskólans á Tröllaskaga

Frumkvæði  
Sköpun  
Áræði

Alþingi

Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Húsavík, 31. október 2014  
nr. erindis 201410103

Á 120. fundi bæjarráðs Norðurþings var tekið fyrir neðangreint erindi.

**Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, 214. mál til umsagnar**

Fyrir bæjarráði liggur erindi til umsagnar frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um framhaldsskóla, 214. mál.

Eftirfarandi er bókun bæjarráðs.

„Bæjarráð Norðurþings mótmælir hinni miklu skerðingu sem við blasir á fjárheimildum Framhaldsskólans á Húsavík. Framhaldsskólinn á Húsavík hefur verið rekinn undanfarin ár á svokölluðu nemendagólfi, sem felst í því að frysta fjárheimildir gagnvart sveiflum í nemendafjölda til skamms tíma til þess að hægt sé að halda úti eðlilegu skólastarfi. Þrátt fyrir eru uppi áform um að skera fjárheimildir skólans niður um 12,8 mkr. á þessu rekstrarári og ennfremur um 2,9% fyrir árið 2015 miðað við síðasta ár. Í Hvítbók menntamálaráðherra er talað um að „Skólar sem sinna nemendum í brotthvarfshættu fái sérstakan stuðning og fjárveitingar“ (Hvítbók, bls. 35). Bæjarráð Norðurþings hvetur stjórnvöld til að hverfa frá þeirri skerðingu sem fyrirhuguð er á fjárheimildum Framhaldsskólans á Húsavík til að tryggja að hann fái áfram þjónað samfélagslegu hlutverki sínu svo sómi sé að.“

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. bæjarráðs Norðurþings



NORÐURÞING

  
Guðbjartur Elert Jónsson  
Fjármálastjóri – staðgengill bærarstjóra  
Norðurþing - Húsavík





# samband íslenskra framhaldsskólanema

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2014

Efni: Umsögn um breytingar á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008; Þingskjal 243—214. mál.

Samband íslenskra framhaldsskólanema hefur fengið til umsagnar breytingar á lögum um framhaldsskóla. Að neðan eru athugasemdir viðvíkjandi frumvarpinu.

Athugasemdir: SÍF gerir engar athugasemdir við greinar 1-3 og 5-6. Á sama tíma og stjórnin fagnar endurskoðun laganna gerum við alvarlegar athugasemdir við 4. grein. Með henni er skólum gefin heimild til þess að rukka nemendur fyrir rafrænt námsefni. Þó svo að þeirri heimild sé búinn þröngur rammi gengur hún gegn þeirri grunnhugsun um að nemendur eigi ekki að þurfa að greiða beint fyrir nám sitt.

Í athugasemdum við frumvarpið er talað um að tryggja verði greiðslur fyrir rafrænt efni. Undir þau orð tökum við en bendum á sama tíma á að slíkar greiðslur ættu að vera á höndum ríkisins en ekki nemenda. Eins og kemur fram í skýringum með frumvarpinu eru greiðslur nemenda vegna námsgagna eru gróft reiknað um 60-90 þúsund krónur á ári og er vart á það bætandi.

Í athugasemdum er einnig fjallað um 51. gr laga um framhaldsskóla. Í henni segir: „Í fjárlögum ár hvert skal tilgreind sú fjárhæð sem veitt er til að mæta kostnaði

nemenda vegna námsgagna". Slík fjárhæð hefur aldrei verið sett fram þó að um það sé kveðið í lögum. Með því að hækka álögur á nemendur án þess að hjálpa þeim að mæta auknum kostnaði gæti það bolað efnaminni nemendum úr námi. Hvetjum við því allsherjar og menntamálanefnd að beita sér fyrir því að farið verði að lögum og lagt verði fjármagn til að hjálpa nemendum við að standa undir námi sínu.

Hingað til hafa nemendur geta valið á milli þess að kaupa nýjar námsbækur, farið á skiptibókmarkaði, fengið lánaðar bækur hjá kunningjum eða hreinlega geta sleppt því. Með því móti hafa þeir geta valið ódýrasta kostinn eða þann sem hentar hverjum og einum. Með því að skikka nemendur til þess að kaupa gögn af ákveðnum aðila er vegið að valfrelsi þeirra og hætta á að fákeppni myndist. Það er skýlaus krafa framhaldsskólanema að ef verður af fyrirhuguðum breytingum, verði séð til þess að rafrænt námsefni verði á samkeppnishæfu verði miðað við önnur námsgögn og að nemendur geti valið á milli samkeppnisaðila.

Við 1 mgr. 56. gr laganna bætist: „Heimilt er í tilraunaskyni með sérstöku leyfi ráðherra að innheimta gjald fyrir rafrænt námsefni sem framhaldsskólar ákveða og er veigamikill hluti af námsefni í námsáfangi á skráðri námsbraut viðkomandi nemenda eða í áfangi sem þeir hafa ákveðið að stunda sem valgrein.“ Þetta orðalag að veita skólum heimild til þess að innheimta gjald fyrir rafrænt námsefni sem þeim er gert að nýta í námi er mjög opið. Nánast allt námsefni sem notað er í skólum fellur undir þessa skýringu. Gætu skólar t.d. innheimt gjald af nemendum fyrir þau kerfi er halda utan um skólasókn, glósubanka kennara eða jafnvel ritvinnsluforrit tölva skólanna. Leggjum við því til að skilyrði verði bætt við sem lýtur að því að rafræna námsefnið hefði ellegar verið gefið út á bókaformi.

Framhaldsskólanemar fagna aukinni notkun rafrænna námsgagna og því skrefi sem þar með er stigið nær framtíðinni. Hins vegar ætti ekki að láta innheimta gjöld af nemendum vegna náms þeirra; þeir eru ekki aflögufærir. Slíkar greiðslur ættu að vera á forræði ríkisins.

**Fyrir hönd Sambands íslenskra framhaldsskólanema,  
Benedikt Traustason.**



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. nóvember 2014

1411031SA GB  
Málalykill: 401

### **Efni: Umsögn um frv. um br. á lögum um framhaldsskóla, 214. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál. Beðist er velvirðingar á því að umsögn er send að liðnum fresti sem veittur var.

Sambandið andmælir tillögu sem fram kemur í 5. gr. frumvarpsins, þar sem lögð er til breyting á 5. gr. laganna þess efnis að í stað þess að sveitarfélög skuli afhenda lóðir undir framhaldsskóla „án endurgjalds“ komi orðin „án kvaða eða gjalda“.

Í skýringum með frumvarpinu kemur fram að fyrir liggi álit ríkislögmanns um að ekki felist efnisbreyting í þessari orðalagstillögu. Breytingartillagan hefur hins vegar ekki verið kynnt fyrir sambandinu, eins og eðlilegt hefði verið með tilliti til þess að sambandið er lögbundinn málsvari sveitarfélaga, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sambandið hefur því ekki fengið tækifæri til þess að kynna sér umrætt lögfræðialit eða eiga önnur samskipti við fulltrúa ríkisins um hugsanlega þörf fyrir þessa lagabreytingu.

Ástæða er til þess að rifja upp umfjöllun um 47. gr. í umsögn sambandsins um frumvarp sem varð að lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008:

„Sambandið er andvíggt ákvæði 47. gr. frumvarpsins og leggur til að sveitarfélögin verði leyst undan áframhaldandi greiðslupátttöku í stofnkostnaði framhaldsskóla, sem og að láta af hendi lóðir án endurgjalds. Líkt og í 37. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir að kostnaðarskiptingu verði hagað þannig að þegar sveitarfélögin annast undirbúning og verkframkvæmdir greiði ríkið 60% stofnkostnaðar samkvæmt normkostnaði en sveitarfélagið það sem út af stendur. Þegar ríkið annast undirbúning og framkvæmd greiði sveitarfélögin 40% stofnkostnaðar miðað við normkostnað en ríkið það sem út af stendur. Með stofnkostnaði er átt við byggingu kennsluhúsnæðis, búnað, framkvæmdir á lóð og eftir atvikum heimavistir. Einnig skulu sveitarfélögin leggja til lóðir undir framhaldsskóla án endur-gjalds.

Að áliti sambandsins er það hrein tímaskekkja og algerlega óviðunandi að gera ráð fyrir óbreyttri hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði framhaldsskóla þegar fyrir liggur ítrekuð sameiginleg afstaða ríkis og sveitarfélaga um að leggja það fyrirkomulag af. Sambandið leggur á það þunga áherslu að greininni verði breytt þannig að sveitarfélögin beri engan kostnað af byggingu



framhaldsskóla, á sama hátt og ríkissjóður ber engan kostnað af byggingu leikskóla og grunnskóla.

Eins og Alþingi er kunnugt hefur allnokkur þróun átt sér stað í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá setningu laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, þegar ákvæði um þessa kostnaðarskiptingu kom fyrst í lög í algjerri óþökk sambandsins. Sveitarfélögin tóku m.a. við rekstri grunnskólans árið 1996 og er því svo komið að þau bera ábyrgð á leikskóla og grunnskóla, sem eru tvö fyrstu skólastigin. Í viðræðum ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptamál og fjárhagsleg samskipti undanfarinn áratug hafa fulltrúar beggja aðila lýst sig sammála því að eyða svonefndum „gráum svæðum“ með því að fækka samstarfsverkefnum. Í frumvarpinu er ekkert tillit tekið til þessarar þróunar þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi um langt skeið haft uppi þá kröfu að ríkið greiði allan stofnkostnað framhaldsskóla í stað þess fyrirkomulags sem nú er lögbundið. Til frekari áréttingar skal bent á að sveitarfélögin voru leyst undan greiðsluhlutdeild í stofnkostnaði og meiriháttar viðhaldi á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum með lögum nr. 78/2003, á þeirri forsendu að ábyrgð á framkvæmd og kostnaði ætti að vera á einni hendi.

Sambandið bendir einnig á að mjög hefur hallað á sveitarfélögin í samskiptum við ríkisvaldið um byggingu framhaldsskóla. Á undanförunum árum hefur raunkostnaður verið langt umfram þann viðmiðunarkostnað sem framlag ríkisins miðast við. Ef niðurstaða Alþingis verður sú að fallast ekki á sjónarmið sambandsins um að leysa sveitarfélögin undan því að taka þátt í stofnkostnaði framhaldsskóla hljóta sanngirnirök að minnsta kosti að leiða til þess að miðað verði við raunkostnað í stað viðmiða sem ríkisvaldið setur einhliða.

Einnig telur sambandið óeðlilegt að ætla sveitarfélögum að leggja til lóð undir framhaldsskóla, sem ýmist er ríkisrekinn eða í eigu einkaaðila, án þess að endurgjald komi fyrir eða lóðin reiknist a.m.k. sem hluti af framlagi sveitarfélags í stofnkostnaði. Lóðir undir framhaldsskóla eru augljóslega verðmæti sem sveitarfélög ættu ekki að leggja til framhaldsskóla án þess að endurgjald komi fyrir. Þá er vakin athygli á að sú staða getur verið uppi að sveitarfélagið á ekki lóð undir framhaldsskóla og þarf þá að kaupa hana á markaðsverði til að uppfylla skilyrði laga. Verðmæti lands hefur stórukist á síðustu árum og því er það augljóslega verulega íþyngjandi kvöð á sveitarfélögin að skylda þau til að útvega lóðir undir framhaldsskóla án þess að endurgjald komi fyrir.

Loks skal bent á að sveitarfélögin hafa lítið um stjórnun framhaldsskóla að segja þrátt fyrir að vera að hluta eigendur þeirra. Ríkið setur allt regluverkið og skammtar skólunum fjárheimildir. Samráð skólameistara framhaldsskóla við sveitarstjórnir er almennt lítið og er a.m.k. umhugsunarefni hvort nokkur ástæða sé til að kveða



á um tilnefningarrétt sveitarstjórna í skólanefndir opinberra framhaldsskóla, sbr. 1. mgr. 5. gr.”

Með vísan til framangreindra sjónarmiða fer sambandið fram á að 5. gr. verði felld brott úr frumvarpinu og að nefndin leggi frekar til að ríki og sveitarfélög taki upp viðræður um endurskoðun eða afnám þeirrar kostnaðarskiptingar sem kveðið er á um í 47. gr. laganna.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

3.11.2014

Góðan dag.

Hér er umsögn Ungra jafnaðarmanna um Þingskjal 243 — 214. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (rafræn námsgögn o.fl.).

Með kveðju,

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, varaformaður Ungra jafnaðarmanna og Jónas Már Torfason, miðstjórnarfulltrúi.

Reykjavík 3. nóvember 2014

Umsögnin er svohljóðandi:

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á að efla menntakerfið með hagsmuni nemenda og þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Fjölbreytileiki í skólastarfi er lykill að kraftmiklu og skapandi samfélagi. Áhersla verður lögð á samráð við hagsmunaaðila þegar ákvarðanir eru teknar á vettvangi ríkisins um skipulag náms og kennslu.

Auka þarf áherslu á nám í iðn-, verk-, tækni-, hönnunar- og listgreinum og efla tengsl þessara námsgreina við atvinnulífið. Komið verði á fót samstarfsvettvangi menntamálayfirvalda, kennara og hagsmunaaðila í atvinnulífi um framtíðarsýn og mótun menntastefnu í þessum greinum.

- Tekið úr stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna (Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn) <http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/>

Ungir jafnaðarmenn\* gagnrýna breytingar á framhaldsskólalögum. Þykir okkur þó allra helst áhyggjuefni framkoma Illuga Gunnarssonar, menntamálaráðherra, í framkvæmd og umfjöllun um þennan málaflokk. Sýnir hún með einsdæmum einbeittan vilja stjórnvalda að einkavæða menntakerfið. Svo virðist sem hæstvirtur ráðherra taki stórar ákvarðanir eftir eigin geðþótta án þess að ræða við þing eða þjóð. Hagsmunaaðilum hafa verið haldið algjörlega í myrkri hvað varðar umræðuna um þessar breytingar. Greinilegt er að þessar breytingar eru ekki gerðar með hagsmuni nemenda og starfsfólki menntakerfisins í huga. Ekki er fyrir séð hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á menntakerfið og þar með menntunarstig Íslendinga.

Það veldur Ungum jafnaðarmönnum óhug að lagt sé til að tekið sé gjald fyrir rafræn námsgögn. Er þannig lagðar þungar fjárhagslegar byrðar á námsmenn. Tekin eru svokölluð efnisgjöld sem eiga að ná yfir prentkostnað og önnur efnisleg útgjöld. Að taka gjald fyrir rafrænt námsefni er að taka gjald fyrir þekkingu sem ekki kostar að dreifa og nemendum þannig gert að fjármagna rekstur skólanna í auknu mæli.

Nú liggur fyrir að stytta eigi hið hefðbundna framhaldsskólanám úr fjórum árum í þrjú. Ungir jafnaðarmenn vilja sjá sveigjanleika í námi. Námsmenn eru jafn ólíkir og þeir eru margir. Þess vegna teljum við alhliða styttingu náms vinna gegn sveigjanleika í framhaldsnámi sé þetta gert að lögum. Það hefur verið valkostur lengi vel að ljúka framhaldsskólanámi á þremur árum og hafa námsmenn með áhuga á því leitað til víðeigandi úrræða. Óraunhæft er að ætla

að allir ráði við nám á styttri tíma.

Ungir jafnaðarmenn vilja að allir hafi jöfn tækifæri til náms. Þá er brýnt að tryggja sveigjanleika í námi og úrræði fyrir þá sem passa ekki inn í staðalímynd menntamálaráðherra um námsmann. Við viljum að ákvarðanir af þessari stærðargráðu séu teknar í samráði við hagsmunaraðila og stuðst verði við rannsóknir en ekki eftir geðþótta einstaka ráðherra.

*\*Ungir jafnaðarmenn er nafn ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar og var hreyfingin stofnuð 11. mars 2000. Ungir jafnaðarmenn aðhyllast lýðræðislegt þjóðskipulag byggt á virkri þátttöku almennings, valddreifingu, fyllstu mannréttindum og félagslegu réttlæti. Þessi umsögn var samþykkt af miðstjórn og framkvæmdastjórn hreyfingarinnar þann 3. nóvember 2014.*